

FUNDARBOÐ

41. fundur bæjarstjórnar
verður haldinn í bæjarstjórnarsal, fimmtudaginn 30. október 2025 og hefst
kl. 17:00

Dagskrá:

Fundargerðir nefnda

- 1. 2510002F - Bæjarráð - 37**
Lögð fram 37. fundargerð bæjarráðs.
- 2. 2510001F - Skipulagsnefnd - 34**
Lögð fram 34. fundargerð skipulagsnefndar.
- 3. 2509006F - Skóla- og fræðslunefnd - 22**
Lögð fram 22. fundargerð skóla- og fræðslunefndar.

Erindi til kynningar

- 4. 2510025 - Bréf frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga**
Lagt fram erindi frá eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga.
- 5. 2102003 - Fundargerðir - Samband íslenskra sveitarfélaga**
Lögð fram fundargerð 986. fundar stjórnar Sambandsins frá 10. október 2025.

Erindi til afgreiðslu/umsagnir

- 6. 2510012 - Orkuframboð í Stykkishólmi og afhendingargeta**
Orkuframboð, bæði rafmagns og heits vatns, og afhendingargeta þessara innviða eru lykilþættir í áframhaldandi uppbyggingu atvinnusvæða við Kallhamra og Hamraenda. Tryggja þarf að fyrirtæki sem hyggjast hefja starfsemi eða byggja upp atvinnurekstur í Stykkishólmi hafi skýrar og aðgengilegar upplýsingar um stöðu orkuframboðs, möguleika á tengingum og framtíðarafhendingu.

Mikilvægt er að sveitarfélagið hafi heildaryfirsýn yfir stöðu mála í samstarfi við veitufyrirtækin, þannig að hægt sé að bregðast tímanlega við aukinni eftirspurn og stuðla að öruggri og sjálfbærri uppbyggingu atvinnulífs. Þetta er jafnframt forsenda þess að geta tekið upplýstar ákvarðanir um skipulag, leyfisveitingar og framtíðarstefnumótun í atvinnu- og umhverfismálum bæjarins.

Mikilvægt er fyrir sveitarfélagið að kortleggja stöðuna í samvinnu við Rarik ohf. (rafmagn) og Veitur ohf. (heitt vatn), nánar tiltekið um núverandi stöðu, helstu áskoranir

og framtíðarþörf til næstu 5, 15 og 30 ára. Í því sambandi ber að skoða sérstaklega hvernig áætlanir um uppbyggingu iðnaðarsvæða við Kallhamra (Grænir iðngarðar) og Hamraenda, miðað við núverandi skipulagsáform og byggingarreiti, samrýmast fyrirhuguðu orkuframboði og afhendingargetu. Þannig verður tryggt að umsóknir um tengingar og leyfisveitingar geti tekið mið af raunhæfum forsendum og stuðlað að sjálfbærri og öruggri þróun atvinnusvæða.

Bæjarráð vísaði málinu, á 37. fundi sínum, til bæjarstjórnar. Lögð er fram tillaga að afgreiðslu.

7. 2206040 - Endurskoðun aðalskipulags

Lagður fram viðaukasamningur við rammamening Sveitarfélagsins Stykkishólms og Alta ehf. vegna endurskoðunar aðalskipulags sveitarfélagsins. Fulltrúar Alta mættu á 37. fund bæjarráðs til að fara yfir efni samningsins, kynna framvindu og fyrirbyggjandi vinnu við endurskoðun aðalskipulagsins.

Bæjarráð Stykkishólms lagði til við bæjarstjórn að skipaður verði starfshópur sem haldi utan um vinnu við endurskoðun og gerð nýs aðalskipulags sveitarfélagsins, í nánú samráði við bæjarstjórn og skipulagsnefnd.

Bæjarráð lagði til að í starfshópnum verði skipaðir einn bæjarfulltrúi frá hvorum lista í bæjarstjórn sveitarfélagsins, ásamt formanni skipulagsnefndar.

Bæjarráð vísaði endanlegri skipun starfshópsins til bæjarstjórnar.

8. 2209002 - Birkilundur - nýtt deiliskipulag 2024

Lögð fram breyting á deiliskipulagi Birkilundar vegna Birkilundar nr. 37 og 38. Lóðarmörk á milli þessara lóða virðast hafa færst til við gerð skipulagsins og er lóð 38 minni en 37 stærri en stofnskjölin. Óskað er eftir að gera breytingu á deiliskipulagi til að leiðrétta þessi mistök. Enn fremur spyrja Landlínur hvort sveitarfélagið sjái möguleika á að fella niður skipulagsgjöld vegna þessarar breytingar.

Skipulagsnefnd samþykkti, á 34. fundi sínum, að Landlínur vinni þessa deiliskipulagsbreytingu skv. 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga. Vegna óska skipulagshönnuða um það hvort sveitarfélagið sjái möguleika á að fella niður skipulagsgjöld vegna þessarar breytingar/leiðréttingar, vísaði skipulagsnefnd til bæjarráðs.

Bæjarráð samþykkti, á 37. fundi sínum, að fella niður skipulagsgjöld í ljósi aðstæðna.

Bæjarráð staðfesti að öðru leyti afgreiðslu skipulagsnefndar og vísaði afgreiðslu sinni til staðfestingar í bæjarstjórn.

9. 2206035 - Kallhamar og Hamraendar - Skipulagsáætlanir (ASK br. og DSK)

Á 34. fundi skipulagsnefndar var lögð fram til kynningar breyting á aðalskipulagi Stykkishólms 2002-2022 vegna stækkunar á iðnaðarsvæði við Kallhamra og Hamraenda. Bæjarstjórn þarf að taka afstöðu um að breyta landnotkun landbúnaðarsvæðis sbr. 5. gr. jarðarlaga um lausn lands úr landbúnaðarnotum.

Bæjarráð samþykkti, á 37. fundi sínum, fyrirbyggjandi tillögu og vísar henni til staðfestingar í bæjarstjórn.

10. 2306027 - Samgönguáætlun - Skógarstrandarvegur

Í drögum að samgönguáætlun 2024-2038 og fimm ára aðgerðaáætlun 2024-2028 var gert ráð fyrir lagfæringum á tilteknum köflum Snæfellsnesvegar 54 um Skógarströnd. Uppfærð drög að samgönguáætlun eru væntanleg á haustþingi 2025 og brýnt að áætlunin endurspegli raunverulegan forgang vegarins.

Skógarstrandarvegur er stofnvegur samkvæmt skilgreiningu samgönguáætlunar og hluti grunnnets samgöngukerfis landsins. Vegurinn tengir Snæfellsnes við Dalabyggð og áfram við Vestfirði og Norðurland og skiptir lykilmáli fyrir búsetu, atvinnulíf, þjónustu og ferðaþjónustu á svæðinu. Núverandi ástand vegarins, sem er enn að stórum hluta malarvegur á láglandi, hamlar verulega framþróun og samræmist ekki markmiðum samgönguáætlunar um forgang grunnnetsins.

Bæjarstjórn Stykkishólms, ásamt fastanefndum sveitarfélagsins, hefur ítrekað áréttað mikilvægi Skógarstrandarvegar, líkt og Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi og nágrennasveitarfélög. Sveitarfélagið fagnar því að formlegur undirbúningur að þverun Álftafjarðar hafi hafist á árinu 2023 og leggur áherslu á faglegar rannsóknir á umhverfisáhrifum valkosta. Jafnframt hefur verið kallað eftir umferðarteljorum á svæðinu til að styðja við þjónustu- og forgangsroðun á grunni raunumferðar.

Með hliðsjón af framangreindu er brýnt að ný samgönguáætlun endurspegli mikilvægi vegarins: að færa skuli framkvæmdir á vegi 54 um Skógarströnd frammar í áætlun, tryggja fullfjármögnun, þar á meðal fyrir þverun Álftafjarðar, og hraða framkvæmdum í samræmi við markmið um uppbyggingu grunnnets samgangna.

Lagðar er fram hugmyndir að veglínu og þverun Álftafjarðar, dags. 5. febrúar 2024, ásamt öðrum gögnum.

Skipulagsnefnd tók á 34. fundi sínum undir fyrri ályktanir sveitarfélagsins, bæjarstjórnar og bæjarráðs um mikilvægi áframhaldandi uppbyggingar Snæfellsnesvegar 54 um Skógarströnd og lagði áherslu á að vegurinn sé í forgangi við ráðstöfun fjármuna á samgönguáætlun. Skipulagsnefnd lagði áherslu á að umferðaröryggi verði haft að leiðarljósi við endanlega ákvörðun um legu vegarins, ný veglína verði samþætt aðalskipulagi sveitarfélaganna og unnin í nánú samráði við Vegagerðina og nærliggjandi sveitarfélög og að verkefninu verði tryggt fjármagn til undirbúnings og framkvæmdar. Skipulagsnefnd hvatti Dalabyggð og Vegagerðina til þess að skoðað færslu á veglínu austan Álftafjarðar þannig að hún fari með ströndinni og þveri ósa Langadalsár og Setbergsár, en með því væri vegurinn með beinni veglínu, snjóléttari og einungis þyrfti að byggja eina brú í stað tveggja ef halda ætti núverandi veglínu.

Bæjarráð óskaði, á 37. fundi sínum, eftir upplýsingum frá Vegagerðinni um þær tillögur sem liggja nú fyrir varðandi þverun Álftafjarðar. Bæjarráð staðfesti að öðru leyti afgreiðslu skipulagsnefndar og lagði til að bæjarstjórn samþykki fyrirbyggjandi ályktun varðandi Skógarstrandarveg.

11. 2510013 - Leiksvæði við Skúlagötu

Lagðar fram hugmyndir um lýsingu og leiksvæði á opnu svæði við Skúlagötu. Óskað er eftir að fá að grenndarkynna hugmyndir fyrir íbúum í nágrenni.

Skipulagsnefnd fagnaði, á 34. fundi sínum, fyrirbyggjandi tillögu að endurbættu leiksvæði og samþykkti að grenndarkynna fyrirbyggjandi tillögu fyrir íbúum Skúlagötu 1-5, Austurgötu 8 og 10 og Tangagötu 2-8. Skipulagsnefnd hvatti einnig til þess að haldin verði kynningar- og/eða hugmyndafundur í ráðhúsinu fyrir íbúa á svæðinu.

Bæjarráð staðfesti, á 37. fundi sínum, afgreiðslu skipulagsnefndar og vísaði málinu til bæjarstjórnar.

12. 2409019 - Sala á húsnæði - Skúlagata 9

Lagt fram kauptilboð í íbúð við Skúlagötu 9 ásamt tengdum gögnum.

Á 37. fundi sínum lagði bæjarráð til við bæjarstjórn að bæjarráði verði veitt fullnaðarumboð til töku ákvörðunar um sölu á íbúðinni.

13. 2510028 - Tilkynning um byggingarfulltrúa

Lagt er fyrir bæjarstjórn að veita bæjarstjóra umboð til að tilkynna Húsnæðis- og mannvirkjastofnum að Fannar Þór Þorfinnsson sinni störfum byggingarfulltrúa fyrir sveitarfélagið.

14. 2510018 - Viðauki 3 við fjárhagsáætlun 2025-2028

Lagður fram viðauki 3 við fjárhagsáætlun 2025-2028.

Bæjarráð samþykki, á 37. fundi sínum, viðauka 3 og lagði til við bæjarstjórn að samþykkja viðaukann.

15. 2510019 - Gjaldskrár 2026

Lögð fram drög að gjaldskrár sveitarfélagsins fyrir árið 2026.

Bæjarráð samþykki gjaldskrár, á 37. fundi sínum, og vísaði þeim til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

16. 2510020 - Fjárhagsáætlun Sveitarfélagsins Stykkishólms 2026-2029

Fjárhagsáætlun 2026-2029 lögð fram til fyrri umræðu.

Bæjarráð samþykkti fjárhagsáætlun 2026-2029, á 37. fundi sínum, og vísaði henni til fyrri umræðu í bæjarstjórn.

17. 1808022 - Minnispunktur bæjarstjóra

Minnispunktur bæjarstjóra lagðir fram.

28.10.2025

Jakob Björgvin Sigríðarson Jakobsson, bæjarstjóri.